

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 117. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 24. janúar 2013 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Erindi – UMF. Efling:
3. Erindi – Einishús ehf.:
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá: 17.01.2013:
5. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra frá: 15.01.2013:

#### **Til kynningar:**

- a) Fundargerð 237. fundar stjórnar Eyþings:
- b) Fundargerð Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar ehf. frá 10.01.2013:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 6. lið; Skipan í samráðsvettvang um sóknaráætlun Norðurlands eystra og undri 7. lið; Fundargerð stýrihóps um skólafélag í Pingeyjarsveit frá 23.01.2012.

Samþykkt samhljóða.

#### **2. Erindi – UMF. Efling:**

Lagt fram erindi frá Andra Hnikarr Jónssyni f.h. UMF. Eflingar þar sem óskað er eftir aðstöðu til að setja upp golfvöll til að skapa æfinga aðstöðu til golfiðkunar fyrir börn og unglunga sem og aðra félagsmenn Eflingar. Um er að ræða túsuvæði við Reykjadalssá sem er í eigu sveitarfélagsins og samkvæmt Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022 er umrætt svæði skilgreint sem „opin svæði til sérstakra nota“.

Sveitarstjóra falið að ganga til viðræðna við UMF. Eflingu.

**3. Erindi – Einishús ehf.:**

Lagt fram erindi frá Eini Viðari Björnssyni f.h. Einishúsa ehf. dags. 20. janúar s.l. þar sem óskað er eftir niðurfellingu fasteignagjalda á árunum 2013-2016 eða næstu þrjú ár á meðan verið er að markaðssetja nýtt ferðaþjónustufyrirtæki til eflingar atvinnusköpunar í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

**4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 17.01.2013:**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 17. janúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

1. liður fundargerðar; Stóru-Laugar Reykjadal. Ný veitinga- og gistaðstaða, fyrirspurn um málsmeðferð o.fl..

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um stofnun og breytingu lóða, samtals að stærð u.þ.b. 1000 m<sup>2</sup> skv. meðfylgjandi hnitsettum lóðauppdráttum. Einnig samþykkir sveitarstjórn að fallið verði frá fyrri hugmyndum um breytingu á aðalskipulagi.

2. liður fundargerðar; Ófeigsstaðir í Kinn. Lóð undir íbúðarhús.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast stofnun lóðarinnar.

**5. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra frá 15.01.2013:**

Lögð fram fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra frá 15. janúar s.l. Ólína gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn samþykkir ákvarðanir stjórnar Dvalarheimilisins sem fram koma í fundargerðinni.

**6. Skipan í samráðsvettvang um sóknaráætlun Norðurlands eystra:**

Lagt fram erindi frá Pétri Þór Jónassyni f.h. Eyþings dags. 22. janúar s.l. þar sem sveitarstjórn er beðin um að tilnefna fulltrúa sveitarfélagsins í samráðsvettvang til að móta framtíðarsýn og tillögur um sóknaráætlun landshluta.

Samþykkt að skipa sveitarstjóra sem fulltrúa Þingeyjarsveitar í samráðsvettvanginn.

**7. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 23.01.2013:**

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 23. janúar s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Til kynningar:**

- a) Fundargerð 237. fundar stjórnar Eypings:
- b) Fundargerð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. frá 10.01.2013:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15:20

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Margrét Bjarnadóttir

---

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

---

Arnór Benónýsson

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson